Hafnarfjörður

4.nóvember 2026

Ungmennaráð vill óska eftir stöðu á tillögum sem þau lögðu fyrir á tillögufundi Ungmennaráðs fyrir Bæjarstjórn þann 11. mars 2026

2603380 – Fræðsla um svefn og næringu fyrir ungmenni

Ungmennaráð Hafnarfjarðar leggur til að sett verði á fót markviss og samræmd fræðsla um svefn og næringu fyrir öll ungmenni í Hafnarfirði, með það að markmiði að bæta líðan og styðja við heilbrigðan lífsstíl.

2603381 – Aðgangur nemenda að fartölvum í grunnskóla

Ungmennaráð Hafnarfjarðar leggur til að öllum nemendum í 9. og 10. bekk í grunnskólum bæjarins verði tryggður aðgangur að fartölvum til reglubundinnar notkunar í námi.

2603382 – Gervigreindarstefna í hafnfirsku skólastarfi

Ungmennaráð Hafnarfjarðar leggur til tillögu um mótun gervigreindarstefnu fyrir skólastarf í Hafnarfirði.

2603383 – Seinkun á byrjun skóladags hjá ungmennum

Ungmennaráð Hafnarfjarðar leggur til að grunnskólar í bænum samræmi upphaf skóladags og færi hann til seinna á morgnanna, með það að markmiði að bæta líðan, heilsu og námsárangur nemenda.

2603384 – Verklegt nám í kennslu

Ungmennaráð Hafnarfjarðar leggur til að grunnskólar í bænum leggi aukna áherslu á verklegt nám í kennslu, með það að markmiði að efla fjölbreytileika náms.

2603385 – Skólasund í grunnskólum

Ungmennaráð Hafnarfjarðar leggur til að dregið verði úr skólasundi í grunnskólum og að sundkennsla verði kynjaskipt.

2603386 – Geðheilsa fyrir ungmenni

Ungmennaráð Hafnarfjarðar leggur til að sett verði á fót samræmd fræðsla um geðheilsu fyrir öll ungmenni í bænum með áherslu á forvarnir.

2603387 – Viðbragðsáætlanir vegna eineltis

Ungmennaráð Hafnarfjarðar leggur til að viðbragðsáætlanir gegn einelti í grunnskólum bæjarins verði endurskoðaðar og samræmdar til að tryggja skýr og árangursrík úrræði fyrir börn og ungmenni í Hafnarfirði.

2603389 – Aðstaða og búnaður fyrir nemendur

Ungmennaráð Hafnarfjarðar leggur til að fjárveitingar til grunnskóla verði auknar til að bæta aðstöðu og búnað fyrir nemendur.

Hafnarfjörður

2603390 – Samræmt námsefni og námskrárvinna

Ungmennaráð Hafnarfjarðar leggur til að námsefni og námskrárvinnu grunnskólanna verði samræmd í ríkari mæli til að tryggja jafnræði nemenda.